



Jafnréttis- og jafnlaunastefna Menntasjóðs námsmanna

Í starfsmannastefnu sjóðsins kemur fram að gæta skuli jafnréttis milli kvenna og karla og að hver starfsmaður verði metinn á eigin forsendum. Þá skulu starfsmenn hafa jafna möguleika til að njóta sín og vaxa í starfi án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, kynhneigðar, aldurs og stöðu að öðru leyti og að nýta beri til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfum kvenna og karla.

Menntasjóður námsmanna stefnir að jöfnu hlutfalli kynja meðal starfsmanna og að ákveðin störf flokkist ekki sem sérstök karla- eða kvennastörf. Kynjunum skulu greidd jöfn laun og þau njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt eða sambærileg störf sem og hvers konar frekari þóknana. Einnig skulu þau njóta sömu kjara hvað varðar lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hver önnur starfskjör eða réttindi sem metin verða til fjár. Jafnlaunastefnan er unnin samræmi við þau lög og reglugerðir sem fjalla um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem og aðra mismunun og er hluti af launastefnu fyrirtækisins. Enn fremur kemur fram að allir starfsmenn eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu. Fordómar, kynferðisleg áreitni, kynbundið ofbeldi eða einelti verður ekki liðið.

Ávalt er unnið að stöðugum umbótum á jafnréttis- og jafnlaunastefnu sjóðsins. Í því felst umbætur á eftirliti og viðbrögðum.

Jafnréttisáætlun fyrir Menntasjóð námsmanna er gerð í samræmi við 18. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Áætlunin er liður í því að ná fram stefnu sjóðsins og jafna stöðu kvenna og karla innan sjóðsins og minna starfsfólk og stjórnendur á mikilvægi þess að allir fái notið sín án tillits til kynferðistrúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, kynhneigðar, aldurs og stöðu að öðru leyti og að nýta beri til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfum kvenna og karla. Jafnlaunastefna sjóðsins er órjúfanlegur partur af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun sjóðsins.

Reykjavík, 20. janúar 2020

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir
framkvæmdarstjóri